

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Höfðahrepps Neðri Harrastöðum, við Skagaströnd



| | | | |
|---------------------|--------------------------|------------------|-------------------------|
| Dags eftirlits | 28.8.2014 | Fulltrúi UST | Sigrún Guðmundsdóttir |
| Fyrirtæki | Sorpurðun Höfðahrepps | Fulltrúi UST | |
| Heimili | | Tegund eftirlits | Annað |
| Kennitala | 6501696039 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Magnús B. Jónsson | ÍSAT nr. | 38.21.00 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ingvar Gýgjar Sigurðsson | Staðsetning | 441730,832 597104,814 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Niðurstaða eftirlits

Samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs ber rekstraraðila að ganga frá urðunarsvæði í samræmi við lokunaráætlun og fyrirmæli Umhverfisstofnunar, og skal Umhverfisstofnun samþykja fráganginn, (rgl.737/2003.gr. 24). Eftirlitsaðili gerði úttekt á urðunarsvæðinu þann 3.10.12 og 28.8.14 og metur frágang á staðnum vera fullnægjandi.

UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaðurinn í landi Neðri Harrastaða var starfræktur á árunum 1989 -2011 og var þjónustusvæði hans sveitarfélöginn Skagaströnd og Skagabyggð. Eitthvað var urðað af slátur- og landbúnaðarúrgangi, en aðallega var um heimilis- og rekstrarúrgang að ræða. Líklega hafa árlega um 200 tonn verið urðuð eða um 4500 tonn í allt. Fyrst fékk urðunarstaðurinn starfsleyfi árið 2000, það síðara árið 2005 sem gilti til 1.7.2009. Eins og ádur hefur komið fram var urðunarstaðurinn rekinn til ársins 2011, undir það síðasta á undanþágu.

Skoðun á urðunarsvæði:

Yfirborð svæðisins er að mestu gróið með sama gróðri og er umhverfis hann. Ekki var að sjá nokkurn úrgang eða annað sem vísar til þess að um fyrrum urðunarstað sé að ræða, yfirborð hans er slétt og í sömu hæð og umhverfið og lítur út fyrir að vera um "náttúrulegan" mel að ræða. Sýnatökubrunnar hafa verið settir upp í samræmi við fyrirmæli Umhverfisstofnunar dags. 19. júní 2014.

Reykjavík, 30.12.2014

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.